

Námsgrein: Enska

Hópur: 4. - 6. bekkur

Kennari: Vilborg Valgeirsdóttir

Kennsluhættir: Samkenndsla. Fjölbreyttar kennsluaðferðir. Áhersla á samvinnu og föndur. Unnið er eftir söguferð þar sem nemendur skapa sér persónur og læra ensku í gegnum líf persónanna. Þau munu undirbúa ferð í London og „ferðast“ þangað með persónurnar sínar.

Námsmat: Símat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.

Sjálfsmat og umsögn í lok hvorrar annar.

Námsefni: Námsefni úr ýmsum áttum ásamt tengt hverju þema. Hickory, Dickory.

Í Hríseyjarskóla eru nemendur leiðtogar í eigin námi og því eru hæfniviðmið sem snúa að almennri framkomu og vinnulagi í tímum metin í öllum fögum yfir skólaárið. Markmiðin eru að nemendur:

- Taki ábyrgð á eigin námi og nýti tímann sinn vel í skólanum.
- Virði vinnufrið annarra.
- Vinni með öðrum og sýni jákvæðni í samskiptum.
- Leiti upplýsinga, lesa sér til gagns og vinni sjálfstætt.
- Fari eftir fyrirmælum, sýni vonduð vinnubrögð og skili verkefnum á réttum tíma.

Markmið 4. bekkur:

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningar-svæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.